



## Veghald í frístundahúsabyggðum

Bláskógabyggð hefur undanfarin ár látið hefла stofnleiðir í frístundahúsabyggðum þar sem því hefur verið við komið. Ekki hefur þessi þjónusta hentað öllum slíkum byggðum og ákvað sveitarstjórn því á fundir sínum 6. apríl 2010 að breyta fyrirkomulagi þessarar þjónustu þannig að í stað heflunar verði veittir styrkir til veghalds í þeim frístundahúsabyggðum sem þess óska og í samræmi við ákveðna samþykkt þar um. Þessi samþykkt tók gildi frá og með 1. janúar 2011 og er eftirfarandi:



### *Styrkur vegna veghalds í frístundabyggðum í Bláskógabyggð*

#### **1. gr. Markmið**

*Markmið þessarar samþykktar er að styðja við veghald í frístundahúsabyggðum í Bláskógabyggð.*

#### **2. gr. Veghald**

*Í veghaldi felst að halda akstursleiðum innan viðkomandi frístundahúsabyggðar aksturshæfum, t.d. með ofaniburð, heflun eða snjómokstri. Í veghaldi felst ekki nýframkvæmdir í vegagerð á viðkomandi svæðum.*

#### **3. gr. Réttur til styrkveitingar**

*Rétt til styrkveitingar hafa öll formleg félög frístundabyggða í Bláskógabyggð. Með hverri styrkumsókn skal fylgja sundurliðaður kostnaður viðkomandi framkvæmdar.*

#### **4. gr. Styrktarupphæð**

*Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert er tilgreind ákveðin fjárhæð sem ætluð er til veghalds í frístundabyggðum. Styrkur til einstaks félags er óskilgreindur en getur að hámarki orðið:*

- a. 10% af heildarupphæð í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs.*
- b. 50% af heildarupphæð framkvæmdarinnar.*

#### **5. gr. Úthlutunarreglur**

*Við mat á styrkuppghæðum til einstakra félaga skal horft til tveggja þátta, annars vegar til heildar lengdar vega og hins vegar til fjölda frístundahúsa innan viðkomandi svæðis.*

#### **6. gr. Úthlutun styrkja**

*Úthlutun styrkja til veghalds fer fram á fundi sveitarstjórnar í október ár hvert fyrir yfirstandandi ár. Aðeins er hægt að sækja um styrk fyrir framkvæmdir sem eiga sér stað á því ári. Umsóknir skulu berast sveitarstjóra í síðasta lagi 15. september ár hvert. Byggðaráð yfirfer styrkumsóknir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um styrkveitingar til hvers félags. Við mat á styrkveitingum skal sveitarstjórn fara eftir ákvæðum 4. greinar.*

#### **7. gr. Annað**

*Þessi samþykkt var staðfest á fundir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 6. apríl 2010 og tekur gildi 1. janúar 2011.*